

43. fundur

30. mars 2014

1201046SA SBG

Málalykill: 502

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands þann 30. mars 2014.

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands á fundinum voru: Anna Lilja Magnúsdóttir og Laufey E. Gissurardóttir. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru Halla Margrét Tryggvadóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Sólveig B. Gunnarsdóttir, sem ritaði fundargerð.

1. Fyrirkomulag um skiptingu 30 klukkustunda þjálfunar- og undirbúningstíma þroskaþjálfara í grunnskóla.

Með bókun með kjarasamningi sem tók gildi 1. mars 2011 var samið um skiptingu 30 klukkustunda þjálfunar- og undirbúningstíma þroskaþjálfara í grunnskóla þannig að þjálfunarstundir yrðu á bilinu 17,33 – 24,00 klukkustundir.

Reynsla þessa fyrirkomulags hefur verið með þeim hætti að aðilar eru sammála um að á skólaárinu 2014 – 2015 verði skiptingin þannig að af 30 klukkustunda þjálfunar- og undirbúningstíma verði þjálfunarstundir 17, 33 klukkustundir. Verði breytingar á ákvæðum um undirbúningstíma í kjarasamningi kennara á tímabilinu verður bókun þessi tekin til endurskoðunar í samstarfsnefnd.

2. Forstöðuþroskaþjálfarar

Eins og margoft hefur verið tekið fyrir í samráðsnefnd er SKYLT að ákvarða forstöðumönnum sérstaka þóknun vegna álags í starfi skv. grein 1.5.3 í kjarasamningi aðila. Til álags í starfi utan dagvinnutíma má telja; skipulag mönnunar vakta vegna veikinda, umsýslu vegna umsjónar með húsnæði og öryggismálum, umsýslu vegna daglegs lífs íbúa, samskipti við aðstandendur og utanaðkomandi aðila og þess háttar verkefni sem til geta fallið hvernær sem er sólarhringsins. Álag, áreiti og vinnuframlag utan dagvinnumarkna hjá þroskaþjálfum sem veita forstöðu úrræðum sem starfrækt eru allan sólarhringin er eðli málsins samkvæmt almennt meira en hjá öðrum forstöðumönnum og því rétt að þóknun til þeirra taki mið af því í formi sanngjarnra yfirvinnugreiðslna eða stjórnendaálags.

Kjarasvið mun fylgja þessari skyldu sveitarfélaga eftir með bréfi strax og gera könnun á framkvæmd greinarinnar í júní n.k.

Fleira ekki gert.

Inga Rún Ólafsdóttir
Halla Margrét Tryggvadóttir

Laufey E. Gissurardóttir
Anna Lilja Magnúsdóttir